

3. gr.

*Starfsþjálfun.*

Vinnumálastofnun er heimilt að gera samning við fyrirtæki eða stofnun um ráðningu atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins í starfsþjálfun enda um að ræða vinnumarkaðsúræði skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Vinnumálastofnun, fyrirtækið eða stofnunin og atvinnuleitandinn skulu undirrita samninginn um samþykki sitt. Með undirritun sinni samþykkir atvinnuleitandinn að Vinnumálastofnun greiði grunnatvinnuleysisbætur hans ásamt 8% mótframlagi í lífeyrissjóð beint til fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem greiðir honum laun. Markmið samningsins er að atvinnuleitandinn fái tækifæri til að þjálfa sig í þeirri starfsgrein sem fyrirtækið eða stofnunin starfar innan til að auka hæfni sína til slíkra starfa á vinnumarkaði enda sé hann reiðubúinn að ráða sig til framtíðarstarfa innan starfsgreinarinnar.

Í starfsþjálfunarsamningi skv. 1. mgr. skal kveðið á um að Vinnumálastofnun greiði til fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem nemur fjárhæð þeirra grunnatvinnuleysisbóta sem atvinnuleitandi á rétt til úr Atvinnuleysistryggingasjóði auk 8% mótframlags í lífeyrissjóð en fyrirtækið eða stofnunin skal greiða atvinnuleitandanum laun samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings. Samningurinn skal vera gerður að hámarki til sex mánaða og óheimilt er að framlengja hann vegna sama atvinnuleitanda nema atvinnuleitandi hafi skerta starfsorku og nauðsynlegt sé að veita honum lengri tíma til hæfingar að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Skilyrði fyrir gerð starfsþjálfunarsamnings skv. 1. mgr. er að ráðning atvinnuleitandans feli í sér aukningu á starfsmannafjölda fyrirtækis eða stofnunar og að hann hafi ekki áður starfað í þeirri starfsgrein sem um er að ræða eða lengri tími en eitt ár er liðinn síðan hann lét af störfum í starfsgreininni.

Fyrirtækið eða stofnunin skal tilnefna sérstakan tengilið við ráðgjafa Vinnumálastofnunar og skulu þeir vera í reglulegum samskiptum á gildistíma samningsins skv. 1. mgr. til að meta framvindu hans. Atvinnuleitandi skal jafnframt vera í reglulegum samskiptum við ráðgjafa Vinnumálastofnunar en hann þarf ekki að vera í virkri atvinnuleit á sama tíma.

Sá tími sem starfsþjálfun atvinnuleitanda skv. 1. mgr. stendur yfir telst ekki til ávinnslutímabils skv. 15. eða 19. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna.